### Viðtal við Sigurð Thoroddsen verkfræðing sem opnar málverkasýningu á Kjarvalsstöðum í dag



Nokkrar blómamyndir á sýningunni.



Sigurður Thoroddsen við nokkur verka sinna (Myndir tók GEI)

# Ef maður hefur gaman af einhverju hefur maður tíma

Sigurður Thoroddsen verkfræðingur hefur fengist við myndlist, bæði teiknað og málað, síðan í barnæsku. Í dag kl. 14 opnar hann yfirlitssýningu á nær 200 verkum sínum á Kjarvalsstöðum og er hún fjórða einkasýning hans. Í því tilefni fór Þjóðviljinn á stúfana til að forvitnast um málaraferil Sigurðar og sýninguna.

— Hvernig hófst málaraferill þinn, Sigurður?

— Ég hef nú eiginlega alltaf verið með blýantinn á lofti en byrjaði að fást við vatnslitamyndir í Landakotsskólanum. Þá var þar prestur sem hét Meulenberg og síðar varð biskup. Hann valdi úr krakka í 5. bekk og bauð þeim að koma í vatnslitakennslu. Ég var einn af þeim og þá eignaðist ég vatnsliti. Svo fór ég að mála, en þá var einginn sem gat komið til að segja að maður þyrfti ekki að líkja nákvæmlega eftir náttúrunni og ég komst að því að ég gat það ekki svo að ég lagði þetta á hilluna, að mestu en teiknaði þó alltaf eitthvað.

Síðan kemur fram á árið 1940 þegar þjóðstjórnin sat við völd. Það er ekki margt sem hægt er að þakka henni en hún hafði ekki efni á að hafa verkfræðinga svo að það árið hafði ég ekki mánaðarlaun sem verkfræðingur. Sama ár var hér á ferð austurríkismaðurinn Strobl sem teiknaði skopmyndir af Íslendingum. Þetta kveikti í mér því að ég fann að ég hafði þá gáfu að ná svip af mönnum. Svo að það er ekki að orðlengja það að á nokkrum mánuðum teiknaði ég á annað hundrað manns og opnaði sýningu. Þetta er að þakka þjóðstjórninni.

Á sýninguna komu um 1870 manns sem þótti ágæt aðsókn og nokkrar myndir seldi ég svo að ég gat bjargað mér yfir þó nokkra mánuði.

— En hefurðu fengið frekari tilsögn í myndlist?

— Mér hugkvæmdist að tala við Barböru Árnason og fékk að koma til hennar nokkrum sinnum og hún gagnrýndi myndir mínar og það sem meira var um vert, ég sá hana fara með vatnsliti. Svo hélt ég áfram að mála eingöngu með vatnslitum og hélt aðra sýningu 1947 og þar voru mannamyndir og vatnslitamyndir.

Næsta sem hendir á þessum ferli er að ég fór á námskeið í tréristu hjá þýskum manni sem hét Müller og kom hér á vegum Handíðaskólans. En upp úr þessu var orðið svo mikið að gera á verkfræðistofunni hjá mér að ég gat lítið sinnt þessu. Þó lagðist það aldrei alveg á hilluna því að ég hafði alltaf gaman af því og ef maður hefur gaman af einhverju þá hefur maður tíma.

Fyrir u.þ.b. 10 árum hætti ég meira og minna sjálfur að sinna verkfræðistörfum og flestar myndirnar á sýningunni núna eru málaðar síðan. Ég hélt mína þriðju sýningu í Bogasal Þjóðminjasafnsins árið 1972 og þar voru eingöngu vatnslitamyndir.

— En hvernig myndir eru á sýningunni núna?

— Ég sýni fyrst og fremst vatnslitamyndir, málaðar á venjulegan vatnslitapappír með gagnsæjum (transparent) litum. Nokkrar myndir eru málaðar með sömu litum á japanskan pappír og verður þá svolítið önnur áferð. Örfáar myndir eru málaðar með acryllitum og svo eru þrykktar myndir (trérista og dúkrista) og teikningar.

— Mér skilst að þú hafir verið aðalskopmyndateiknari Þjóðviljans um árabil.

— Já, það var meðan ég var þingmaður. Það má geta þess að við héldum 3 saman sýningu á skopmyndum árið 1953 í Ásmundarsal og þá komu gríðarmargir, á 3. þúsund. Á fyrstu sýningunni minni 1940 teiknaði ég þá sem komu inn og tók 1 kr. fyrir myndina. Sama háttinn hafði ég á árið 1953 en þá var verðið komið upp í 5 kr.

Áður en blaðamaður Þjóðviljans kveður sýnir Sigurður honum gríðarmikla bók sem hann hefur gert og kallar Ræxnu. Þar í er að finna skopmyndir af þeim 42 ólánsmönnum íslensku þjóðarinnar, sem samþykktu Keflavíkursamninginn 1946, ásamt ljóðum og úrklippum. Þó að Sigurður hafi nú skilið þrjá aldarfjóðunga að baki er hann hress og kátur og með gamanyrði á vör. Við óskum honum til hamingju með sýninguna á Kjarvalsstöðum en hún er opin daglega til 19 júní kl. 14-22 á laugardögum og sunnudögum og kl. 16-22 aðra daga.

—GFr.




Meðan Sigurður Thoroddsen var þingmaður Sósíalistaflokksins dundaði hann sér gjarnan við að teikna skopmyndir af samþingmönnum sínum og birtust þær oft í Þjóðviljanum. Hér er mynd af Jónasi frá Hriflu, teiknuð aftan á þingskjal.